



Banaslys 7.5.2006

Kjósarskarðsvegur


Útafakstur/bifhjólaslys

Látin 47 ára karlmaður

Tími sólarhrings: Morgunn

Lýsing á slysi

Ökumaður bifhjóls ók norðvestur Kjósarskarðsveg. Skammt frá afleggjara að bænum Valdastöðum missti ökumaður stjórn á bifhjólinu í vinstri beygju og ók útaf. Á vettvangi voru 134 metra för eftir bifhjólið utarlega í hægri vegkanti (sjá mynd) og vegöxl þar til ökumaður féll af hjólinu í graslendi 8 metra frá veginum. Fórst maðurinn vegna áverka á háls hrygg og mænu sem hann hlaut í slysinu. Áfengis- og lyfjarannsókn leiddi í ljós að ökumaður var undir áhrifum áfengis og lyfja þegar slysið varð. Hann var hjartasjúklingur. Hafði hann verið gestkomandi á bæ skammt frá Valdastöðum þar sem áfengi var haft um hönd kvöldið áður. Ökumaður notaði hvorki hjálm né hlífðarfatnað. Hlífðarföt og hjálmur voru í hliðartösku bifhjólsins á vettvangi.



Ljósmynd af slysavettvangi ásamt skýringum.

Þegar slysið varð var bjartviðri og hægur vindur. Á slysstað er Kjósarskarðsvegur 6 metra breiður með bundnu slitlagi og er óbrotin lína sem aðgreinir umferð úr gagnstæðum áttum. Malarvegöxl er við veginn og við afleggjarann að Valdastöðum var mól úr vegkantinum sem hafði sópast inn á bundna slitlagið. Kann það að eiga þátt í slysinu.

Vitni að slysinu sagði að bifhjólamaðurinn hefði ekið á lítilli ferð norðvestur Kjósarskarðsveg og haldið jafnvægi á hjólinu í vegkantinum þar til hann féll. Ekkert kom fram við rannsókn sem bendir til þess að bifhjólamaðurinn hafi ekið á ólöglegum hraða. Að mati rannsóknarnefndarinnar er orsök slyssins fyrst og fremst sú að ökumaður var vanhæfur umrætt sinn til að stjórna bifhjólinu vegna áhrifa áfengis og lyfja. Þá urðu afleiðingar slyssins alvarlegri sökum þess að bifhjólamaðurinn notaði hvorki hjálm né hlífðarfatnað.

Bifhjolið var af gerðinni Kawasaki VN 1600 og var skoðað af sérfræðingum Fræðslumiðstöðvar bílgreina. Ekkert kom fram við rannsókn sérfræðinganna sem skýrir tildrög slyssins.

Orsakagreining

- Ökumaður var ölvaður
- Ökumaður notaði hvorki bifhjólahjálm né hlífðarfatnað
- Lausamöl á bundnu slitlagi kann að hafa átt þátt í slysinu.

Ábendingar

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til Umferðarstofu að brýna fyrir bifhjólafólki sem öðrum ökumönnum að aka aldrei undir áhrifum áfengis. Þá telur nefndin ástæðu til að minna bifhjólafólk á að nota hjálma og hlífðarfatnað.

Reykjavík 8.6.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa